

Fimmtudaginn 27. nóvember 1997.

Nr. 381/1997.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Ástþóri Ragnari Þorsteinssyni

(Helgi Jóhannesson hrl.)

Ölvunarakstur. Ítrekun. Ökuréttur. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. september 1997 og krefst þess, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til refsingar og sviptingar ökuréttar.

Ákærði krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

I.

Ákærði ók bifreið sinni í samkvæmi að Sæbóli 40 í Grundarfirði að kvöldi föstudagsins 24. janúar 1997. Þar dvaldist hann fram eftir nóttu, en yfirgaf samkvæmið að eigin sögn um kl. 3.30 eftir átök. Þegar hann kom skömmu síðar að heimili sínu að Eyrarvegi 5, fann hann ekki húslykla sína. Hann hringdi úr farsíma til lögreglu í bifreið sinni, sem þá hafði verið lagt fyrir utan heimili hans, til þess að fá aðstoð við að komast inn, og komu tveir lögregluþjónar á staðinn kl. 3.42.

Í frumskýrslu lögreglu kemur fram, að ákærði hafi verið spurður að því, á hvern hátt hann hafi farið úr samkvæminu og heim til sín, en hann mundi það ekki. Síðan segir í skýrslunni:

„Við athugun á vettvangi mátti greinilega sjá, að bifreiðinni R-79616 hafði nýlega verið ekið austur Eyrarveg og inn á bifreiðastaði við Eyrarveg 5. Fótspor lágu frá bílstjóradyrum R-79616 og að útidyrum, þar sem Ástþór býr, og síðan frá útidyrum og aftur að bílstjóradyrum. Engin önnur fótspor voru við bifreiðina R-79616; þá voru ekki heldur nein nýleg fótspor að eða frá húsinu. Kveikjúláslyklar bifreiðarinnar lágu í farþegasæti við hlið ökumanns. Skafrenningur var á vettvangi og tiltölulega fljótt að fyllast í hjólför og fótspor.“

Ljósmyndir voru teknar á vettvangi, er sýna för eftir hjólbarða og fótspor við bifreiðina.

Í skýrslu varðstjóra um ölvun við akstur, sem gerð var kl. 3.50 um nóttina, segir meðal annars: „Mætti kveðst ekki geta játað eða neitað því að hafa verið að aka fyrrgreindri bifreið, R-79616, nú rétt áðan.“

Eftir að blóðsýni hafði verið tekið úr ákærða, var honum sleppt. Reyndist áfengismagn í blóði hans vera 2,12‰.

Vitnið Oddur Hrannar Oddsson kom að eigin frumkvæði til lögreglunnar eftir hádegi laugardaginn 25. janúar. Í skýrslu hans segir, að ákærði hafi hringt heim til hans kl. 12.00 og óskað eftir því, að hann gerði sér þann greiða að fara til lögreglunnar og vitna það að hafa ekið sér heim til sín að Eyrarvegi sl. nótt. Vitnið kvaðst ekki hafa ekið ákærða heim til hans og ekki komið nálægt því, þar sem vitnið hafi verið heima hjá sér sofandi. Ákærði var þá færður til yfirheyrslu að nýju. Kvaðst hann þá hafa dvalist í samkvæminu, þar til hann hefði farið til síns heima um kl. 3.30. Hann hefði hringt úr bifreiðinni og þá verið einn í henni. Síðan er bókað:

„Mætti kveðst ekki muna, hvernig hann hafi farið til síns heima þarna í umrætt sinn, en mætti kveðst ekki geta gert sér grein fyrir, hvort hann hafi ekið bifreiðinni R-79616 þarna í umrætt sinn, en því ekki getað útilokað það að hafa verið ökumaður.“

Í lok skýrslunnar segir: „Mætti vill taka það fram, að hann geti ekki skýrt frá því að hafa verið ökumaður þarna í umrætt sinn, þótt allt bendi til þess.“

Ákærði var enn kallaður 15. febrúar 1997 til skýrslutöku á lögreglustöðina í Grundarfirði. Þá bar ákærði nánar um áflogin í samkvæminu að Sæbóli 40 um nóttina, þar sem nafngreindur maður hefði „skallað sig“. Eftir það kvaðst hann ekki muna neitt, fyrr en hann var kominn að útidyrum heima hjá sér. Hann kvaðst ekki muna neitt eftir því, hvernig hann komst að útidyrum, hvort hann hefði ekið bifreiðinni R-79616 eða ekki, en sjálfur hefði hann ekið bifreiðinni að Sæbóli 40 um miðnætti, áður en hann hóf drykkju. Hann var þá spurður, hvort hann hefði farið einn frá Sæbóli 40 til síns heima. Hann kvaðst ekki vita til þess, að neinn hefði farið með sér frá Sæbóli 40 að Eyrarvegi 5 umrætt sinn. Þá segir í skýrslunni:

„Aðspurður, hvort mætti telji það líklegt, að hann hafi sjálfur ek-

ið bifreið sinni R-79616 frá Sæbóli 40 að Eyrarvegi 5 þarna í umrætt sinn, segir hann það geta verið mögulegt, að hann hefði ekið sjálfur bifreið sinni R-79616 þarna umrætt sinn.“

II.

Sannað er með skýrslum ákærða og lögreglumanna, sem komu að Eyrarvegi 5 kl. 3.42 umrædda nótt og tóku ljósmyndir, að bifreið ákærða var ekið þangað frá Sæbóli 40 skömmu áður. Ákærði var þá í bifreiðinni og kveikjulaslyklar einnig. Spor lágu eingöngu frá dyrum bifreiðarstjóra að húsinu og til baka. Ákærði reyndi að fá nafngreindan mann til þess að segjast hafa ekið bifreiðinni umrætt sinn, en tókst ekki. Hann hefur ekki bent á neinn annan, sem hefði getað ekið bifreiðinni. Ekkert bendir til, að fleiri en ökumaður hafi komið með bifreiðinni í þessari ferð. Skýringar ákærða á minnisleysi sínu frá því um kl. 3.30, þegar hann fór frá Sæbóli 40 og þar til hann kom heim til sín nokkrum mínútum síðar, eru ótrúverðugar. Þegar þetta er virt, verður ekki vefengt með skynsamlegum rökum, að ákærði hafi ekið bifreið sinni umrætt sinn. Telst því sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot það, er í ákæru greinir, og er það rétt fært til lagaákvæða. Verður hann því dæmdur til refsingar og sviptingar ökuréttar, eins og í ákæru er krafist.

Áfengismagn í blóði ákærða mældist, sem fyrr segir, 2,12‰. Ákærði hefur áður hlotið sekt fyrir brot gegn 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og verið sviptur ökurétti tólf mánuði frá 15. ágúst 1994. Refsing hans nú er hæfilega ákveðin sekt, að fjárhæð 70.000 krónur, en í stað hennar komi varðhald í fimmtán daga, ef hún greiðist ekki innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa. Samkvæmt 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 44/1993, skal ákærði sviptur ökurétti í þrjú ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja.

Dæma ber ákærða til að greiða sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ástþór Ragnar Þorsteinsson, greiði 70.000 króna sekt í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella fimmtán daga varðhaldi.

Ákærði er sviptur ökurétti í þrjú ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 70.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna, Péturs Kristinssonar héraðsdómslögmanns, 40.000 krónur, og Helga Jóhannessonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 14. ágúst 1997.

Ár 1997, fimmtudaginn 14. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Vesturlands, sem háð er að Aðalgötu 7, Stykkishólmi, af Inga Tryggvasyni, settum héraðsdómara, kveðinn upp dómur í héraðsdómsmálinu nr. S-16/1997: Ákærvaldið gegn Ástþóri Ragnari Þorsteinssyni, sem tekið var til dóms 7. ágúst 1997.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali sýslumannsins í Stykkishólmi, dagsettu 7. apríl 1997, á hendur ákærða, Ástþóri Ragnari Þorsteinsyni, kt. 221173-4149, Hamrahlíð 3 (áður Eyrarvegi 5), Grundarfirði. Dómarrinn fékk málið til meðferðar 9. apríl 1997, gaf út fyrirfall í því 10. sama mánaðar, og var málið þingfest 14. maí 1997.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir umferðarlagabrot með því að aka Mitsubishi-fólksbifreið sinni (skráningarnúmer R 79616) undir áhrifum áfengis aðfaranótt laugardags 25. janúar 1997. Ók ákærði bifreiðinni frá Sæbóli 40 að Eyrarvegi 5 í Grundarfirði. Telst þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. gr. og 102. gr. ofangreindra umferðarlaga, sbr. lög nr. 44/1993 um breytingu á umferðarlögum“.

Við munnlegan málflutning ítrekaði sækjandi málsins gerðar kröfur í ákæruskjali og krefst þess jafnframt, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð.

Ákærði heldur uppi vörnum, og gerir verjandi hans þá kröfu, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákærvalds og allur sakarkostnaður lagður á ríkissjóð, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun til handa verjanda að mati réttarins.

Málavextir.

Aðfaranótt laugardags 25. janúar 1997 var hringt frá Neyðarlínunni í lögregluna í Grundarfirði og tilkynnt um mann fyrir utan húsið að Eyrarvegi

5, sem lent hefði í átökum og kæmist ekki inn til sín, þar sem hann hefði týnt húslyklunum. Er lögregla kom á vettvang kl. 3.42, steig maður, ákærði í máli þessu, út úr bifreið sinni, R 79616, sem stóð á bifreiðastæði við húsið. Skýrði ákærði lögreglunni frá því, að er hann kom að heimili sínu, hefði komið í ljós, að hann hefði týnt húslyklunum og þá farið í bifreið sína og hringt í Neyðarlínuna í þeim tilgangi að biðja lögreglu að opna húsið fyrir sig. Ákærði mundi ekki, hvernig hann hefði komið að heimili sínu.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu mátti sjá, að bifreiðinni R 79616 hefði nýlega verið ekið austur Eyrarveg og inn á bifreiðastæðið við hús nr. 5, og lágu fótspor frá bílstjóradrygum og að útidrygum á heimili ákærða og aftur til baka. Ekki var að sjá önnur fótspor við bifreiðina né að eða frá húsinu. Kveikjulaslyklar að bifreiðinni voru í farþegasæti frammi í bifreiðinni. Í frumskýrslunni kemur fram, að skafrenningur hafi verið á vettvangi og til-tölulega fljótt að fyllast í hjólför og fótspor. Ákærði var fluttur á lögreglu-stöð og honum dregið blóð, en síðan var hann frjáls ferða sinna.

Samkvæmt niðurstöðu úr alkóhólrannsókn á blóðsýni, sem tekið var úr ákærða, reyndist alkóhólmagn í því vera 2,12‰.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 25. janúar 1997 og fyrir dómi við þing-festingu málsins 14. maí og við aðalmeðferð þess 7. ágúst 1997.

Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði farið á bifreið sinni, R 79616, að Sæbóli 40 í Grundarfirði að kvöldi 24. janúar sl. og verið þar í samkvæmi fram á nótt ásamt fjölda fólks, sem hann hefði ekki allt þekkt. Kvaðst ákærði hafa lent í átökum í samkvæminu og m. a. fengið höfuðhögg og ver-ið hent út ásamt öðrum manni. Ákærði kvaðst muna eftir sér fyrir utan hús-ið að Sæbóli 40, en líklega misst minnið vegna höfuðhögganna og kuldans úti. Því næst kvaðst ákærði hafa munað eftir sér fyrir utan þáverandi heim-ili sitt að Eyrarvegi 5. Ákærði kvaðst hafa fundið til töluverðra áfengis-áhrifa, er sér var hent út úr samkvæminu. Ekki kvaðst ákærði vita, hvernig hann fór að heimili sínu, og ekki, hver hefði ekið bifreið sinni þangað. Ákærði kvaðst ekki hafa verið með húslykla á sér og því hringt í Neyðarlín-una í því skyni að fá lögregluna til að opna húsið fyrir sig.

Daginn eftir kvaðst ákærði hafa hringt í kunningja sinn, Odd Hrannar Oddsson, í þeim tilgangi að fá hann til að skýra lögreglu svo frá, að Oddur hefði ekið bifreið ákærða um nóttina. Ákærði kvaðst hafa gert það „til að losna úr klandri“ eða vera laus allra mála, en ekki vegna þess, að hann hefði ekið bifreiðinni um nóttina. Ákærði kvaðst ekki geta fullyrt, að hann hefði ekki ekið bifreiðinni, þar sem hann myndi ekki, hvernig hann fór frá Sæbóli 40 að heimili sínu umrædda nótt.

Við aðalmeðferð málsins komu fyrir dóminn sem vitni Oddur Hrannar

Oddsson, Hlíðarvegi 21, og lögregluvarðstjórnir Gísli Guðmundsson, Fagurhólstúni 1, og Helgi Gunnarsson, Smiðjustíg 5, allir í Grundarfirði.

Vitnið Oddur gaf skýrslu hjá lögreglu 25. janúar 1997. Kvað hann ákærða hafa haft samband við sig daginn eftir atvikið og farið þess á leit við sig, að hann skýrði lögreglu svo frá, að hann hefði ekið bifreið ákærða um nóttina. Vitnið mundi ekki, hvort ákærði hefði sagst hafa ekið bifreiðinni, og vissi ekki, hver hefði ekið bifreiðinni.

Lögreglumennirnir skýrðu svo frá, að er þeir komu að heimili ákærða umrætt sinn, hefði ákærði setið í öikumannssæti bifreiðar sinnar, en för eftir bifreiðina verið nýleg og fótspor legið frá öikumannsdýrum bifreiðarinnar að útidýrum á heimili ákærða og aftur til baka. Vitnið Helgi kvaðst hafa skoðað vettvang sérstaklega, og hefðu ekki verið önnur en fyrrgreind för á vettvangi. Lögreglumennirnir lýstu því báðir, að aðstæður á vettvangi hefðu eindregið bent til þess, að ákærði hefði ekið bifreiðinni að heimili sínu og vél bifreiðarinnar þess vegna ekki verið athuguð. Vitnið Helgi kvað lágrenning hafa verið og skafið svolítið í förin, meðan lögreglumennirnir voru á vettvangi, og vitnið Gísli kvað smá-éljagang hafa verið, en lítið farið að fenna í förin, er lögreglumennirnir komu á vettvang. Kváðu þeir innan við tíu mínútur hafa liðið, frá því að lögreglu var tilkynnt um atvikið og þar til þeir komu á vettvang.

Niðurstaða.

Ákærði hefur lýst því, að hann muni ekki, hvernig hann fór frá Sæbóli 40 að heimili sínu, Eyrarvegi 5 í Grundarfirði, umrædda nótt, en hann hefði lagt bifreið sinni við Sæból 40 kvöldið áður. Þá gat ákærði ekki gert grein fyrir því, hver hefði ekið bifreið hans fyrrgreinda leið.

Lögreglumennirnir, sem unnu að málinu, hafa báðir lýst því, að aðstæður á vettvangi hafi eindregið bent til þess, að ákærði hefði ekið bifreiðinni, og réðu það aðallega af því, að för eftir bifreiðina voru nýleg svo og spor eftir mann frá öikumannsdýrum bifreiðarinnar að útidýrum á heimili ákærða og aftur til baka.

Af framanrituðu má ráða, að töluverðar líkur eru fyrir því, að ákærði hafi ekið bifreið sinni að heimili sínu umrædda nótt. Þrátt fyrir það þykir ekki loku fyrir það skotið, að einhver annar hafi hugsanlega ekið bifreiðinni, og verður í því sambandi að hafa í huga, að ekki er óhugsandi, að fennt hafi í för á tiltölulega skömmum tíma umrædda nótt. Með vísan til þessa og með hliðsjón af framburði ákærða og atvikum málsins að öðru leyti og loks með vísan til grunnreglu 45. gr. laga nr. 19/1991 þykir varhuga-vert að telja, að fram sé komin fullnægjandi sönnun þess, að ákærði hafi

gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali. Ber því að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvalds í málinu.

Sakarkostnaður.

Með vísan til 1. mgr. 166. gr. laga nr. 19/1991 skal allur sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Péturs Kristinssonar héraðsdómslögmanns, er þykja hæfilega ákveðin 40.000 krónur auk virðisaukaskatts.

Málið flutti af ákæruvalds hálfu Daði Jóhannesson, fulltrúi sýslumannsins í Stykkishólmi.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ástþór Ragnar Þorsteinsson, er sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Péturs Kristinssonar héraðsdómslögmanns, 40.000 krónur auk virðisaukaskatts.
